Kópavogur 31. Janúar 2021

B.t.

Umhverfis- og Samgöngunefnd Alþingis

Athugasemdir vegna framkomins frumvarps um stofnun Hálendisþjóðgarðs

Undirritaður vill koma á framfæri verulegum mótmælum vegna fyrirliggjandi frumvarps um Hálendisþjóðgarð, mál 369 á 151. löggjafaþingi. Ég hef stundað ferðalög um hálendið mjög reglulega allt frá 1983, hvort sem er gangandi, akandi, ríðandi, hjólandi eða á öðrum þeim tækjum sem völ er á. Ég hef að auki unnið stóran hluta af starfsæfinni við að leiðsegja ferðafólki á hálendinu. Mér líður hvergi betur en í fögrum faðmi ógnarfagurrar náttúru hálendisins og hef og mun áfram vera tilbúinn til þess að leggja mikið á mig til þess að verja og hlúa að uppbyggingu þess og uppvexti. Ég tel þetta mál mér því mjög tengt og þætti skelfilegt ef farið væri fram með hálfunnið mál, sem setur á miklar takmarkanir og útdeilir miklu valdi, án skýrra takmörkunar í meðförum þess valds – takmarkanir og völd sem reynslan hefur sýnt að eru mjög gjarnan óafturkræf þegar þau hafa einu sinni verið sett.

Í meginatriðum mótmæli ég því kröftuglega að ráðherra, þjóðgarðsverði og formönnum svæðisráða er gefið afar mikið vald, sem þau – og þá sérstaklega ráðherra – geta farið með eftir eigin geðþótta og án sérstakra skýringa ef svo ber undir. Stjórnskipunin eins og hún birtist í þessu frumvarpi, og í sambærilegri uppbyggingu hefur þegar myndast nokkur reynsla af í Vatnajökulsþjóðgarði (VJÞ), hefur sýnt sig að er afar ólýðræðisleg, þvert á yfirlýsingar ráðherra, og að svæðisráðin fara í raun ekki með neitt vald annað en það sem formanni hugnast að leggja fram við stjórn þjóðgarðsins. Fari skoðun formanns gegn skoðun meirihluta svæðisráðs getur formaður einfaldlega hunsað niðurstöður ráðsins og lagt fram hvaða niðurstöðu eða skoðun sem honum hugnast við stjórn þjóðgarðsins. Það er þegar til staðar skýrt dæmi þar sem formaður svæðisráðs í VJÞ hefur þegar farið fram með slíkri valdníðslu.

Aðilar frumvarpsins hafa haft um það mörg orð hvað vinna málsins hefur verið unnin í miklu samráði við hagsmunaaðila landið um kring, en nánast hvar sem að niður ber í tali við heimamenn á hverju svæði fyrir sig, kannast hagsmunaaðilar ekkert við slíkt samráð heldur aðeins að málið hafi verið kynnt fyrir þeim og fundum síðan slitið þegar að heimamenn vildu koma sínum athugasemdum á framfæri.

Ástandið á hálendi Íslands hefur ekki verið betra en það er í dag í hundruði ára. Gróður er almennt í vexti, umhirða og stýring fjölsóttra svæða er góð, utanvegaakstur er lítill sem enginn og augljóst er að ferðamenn á hálendinu fara almennt um með mikilli virðingu fyrir umhverfinu og af kærleika gagnvart þessum einstöku ósnortnu víðernum og óbyggðum. Einmitt það að hálendið er enn að miklu leyti ósnortið og óbyggt er risastór ástæða þess hversu einstakt það er á heimsvísu og myndi skipulögð starfsemi þjóðgarðs, með þeirri uppbyggingu sem að starfseminni fylgdi, að sjálfssögðu fara gegn þeirri upplifun. Starfsemi sem ekki hefur tekist með neinum skýrum hætti að sýna fram á að myndi skila í neinu meiri árangri en þegar hefur náðst – ástandið hefur jú ekki verið betra í manna minnum.

Kópavogur 31. Janúar 2021

Hér er því kjörið tækifæri fyrir kjörna fulltrúa okkar að spara þjóðinni aukin útgjöld upp á líklega 3-5 milljarða á ári – flest vildum við mun frekar sjá aukin útgjöld til t.d. heilbrigðis- og velferðarmála, en að sjá þessum miklu fjármunum dengt í hít sem myndi litlu sem engu skila aukalega til almannahags.

Þá hefur ítrekað verið sagt að hver króna í útgjöldum í þjóðgarði myndi skila sér margfalt til baka, og þar líklega verið að vitna til reksturs þjóðgarða í Bandaríkjunum. Staðreyndin er hins vegar sú að ekki hefur tekist með neinum hætti að sýna fram á hvernig þessar tekjur kæmu til hér heima og þegar augljóst af rekstri flestra núverandi þjóðgarða að þetta er ekki raunin.

Það er augljóst að þetta mál þarfnast mun meiri vinnu áður en að það verður að lögum. Það er mikill ábyrgðarhluti að framselja vald í nafni þjóðarinnar og þá algert skilyrði að meðför þess valds sé með skýrum afmörkuðum hætti – að valdinu sé beitt af meðalhófi og virðingu fyrir hag allra.

Virðingarfyllst,

Baldvin Jónsson,

Hrauntungu 33,

200 Kópavogi.